

Skipulags- og byggingafulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps og
Helgafellssveitar
Jökull Helgason
Fálkakletti 11
310 Borgarnes

| | |
|-------------------------------|-------|
| Umhverfisstofnun | |
| Áb. | _____ |
| 09 FEB. 2010 10.4.2 | |
| Tilv. | _____ |



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. febrúar 2010
Tilvísun: UST20100100412/ksj

Aðalskipulag Helgafellssveitar 2008 - 2010. Tillaga

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit, er barst 7. október 2009 þar sem óskað er umsagnar um tillögu að aðalskipulagi Helgafellssveitar 2008 – 2020.

Heildarstefna hreppsnefndar Helgafellssveitar

Umhverfisstofnun tekur undir áætlun Helgafellssveitar um umfangsmikla verndun, en í tillögunni er gert ráð fyrir friðun Berserkjahrauns sbr. lög nr. 44/1999 um náttúruvernd sem og annarra svæða sem nú eru á náttúruminjaskrá, sjöundu útgáfu frá 1996, eins og fram kemur í kafla um heildarstefnu hreppsnefndar í umhverfisskýrslu. Einnig tekur stofnunin undir tillögu um að hverfisvernda þrjú svæði og eru Drápuhlíðarfjall og Svelgsárhraun meðal þeirra.

Náttúruvernd

Í umfjöllun um náttúruvernd koma fram skýrar upplýsingar um svæðin á náttúruminjaskrá, sem sveitarfélagið stefnir á að friðlýsing. Einnig eru upplýsingar um verndun Breiðafjarðar og í umhverfisskýrslu koma fram upplýsingar um að sveitarfélagið stefni að hverfisverndun þriggja svæða. Umhverfisstofnun tekur einnig undir greinargóða kafla í skipulagsáætlun um náttúru og menningarminjar og tillögur um verndun eins og fram kemur hér að ofan.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Helgafellssveitar 2008 – 2020.

Greinargerð

Vatnafar

Í umfjöllun um vatnafar í fyrsta kafla tillögunnar eru talin upp vötn eins og Hraunsfjarðarvatn sem er 2,5 ferkílómetrar að stærð, Baulárvallarvatn sem er 1,6 ferkílómetrar að stærð og Selvallavatn sem er 0,85 ferkílómetrar. Einnig eru nefnd þrjú minni vötn en ekki er stærð þeirra tiltekin. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta stöðuvötn og tjarnir 1.000 m² að stærð eða stærri sérstakrar verndar og

skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Þar sem í Helgafellssveit eru mörg vötn sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt ofangreindri grein náttúruverndarlaganna telur Umhverfisstofnun mikilvægt að gerð sé grein fyrir verndinni í aðalskipulaginu.

Skógar og skógrækt

Í greinargerð kemur fram að í Helgafellssveit er upprunalegur birkiskógur, Sauraskógur. Umhverfisstofnun undirstrikar að verndargildi og útivistargildi svæðis með upprunalegan birkiskóg er mikið, og minnir á að náttúrulegir birkiskógar þekja nú aðeins 1,2% af landinu eða um 1200 km², sem er einungis um 5% af áætluðu flatarmáli þeirra við landnám. Samkvæmt 39. gr. laga um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar.

Í stefnumörkun stjórnvalda um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, sem gefið er út af umhverfisráðuneyti (Velferð til framtíðar: Stefnumörkun til 2020.), eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim. Eitt þessara markmiða er að: *“Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands”*. Ennfremur segir í stefnumörkuninni: *“Markvissar tilraunir og aðgerðir við endurheimt birkiskóga verði hafnar á næstu árum. Mótuð verði stefna um endurheimt upprunalegra vistkerfa, s.s. birkiskóga, sem verði hluti af almennri stefnu um endurheimt landgæða þar sem tekið verður á aðferðafræði, tegundavali og öðrum atriðum. Þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði.”*

Ljóst er að stjórnvöld hafa miklar áhyggjur af þróun birkiskóga hér á landi, og telur Umhverfisstofnun að forðast skuli röskun náttúrulegra birkiskóga í Helgafellssveit ef þess er nokkur kostur, og mælir með að lögð sé áhersla á verndun þeirra og endurheimt. Í töflu yfir gróðurfar í Helgafellssveit er hlutfall skógar/kjarrlendis sagt vera 0%, þrátt fyrir umfjöllun um Sauraskóg sem eina teljandi birkiskógin á Snæfellsnesi. Á uppdrætti er útbreiðsla skógræktar sýnd og er það vel að mati Umhverfisstofnunar. Stofnunin telur einnig mikilvægt að sýna útbreiðslu náttúrulegs birkiskógs á uppdrætti.

Frístundabyggð

Í greinargerð kemur fram að í lok árs 2008 voru alls 16 frístundahús á 7 jörðum í Helgafellssveit. Framtíðaráform sveitarfélagsins eru þau að gert er ráð fyrir viðamikilli uppbyggingu frístundabyggðar á skipulagstímabilinu. Að mati Umhverfisstofnunar eru áform um uppbyggingu og tengsl við lög og reglur greinargóð. Á uppdrætti er fylgir skipulagstillögunni kemur fram að mörg svæði þar sem áformuð eru frístundabyggðir liggja að sjó. Eins og fram kemur í greinargerð eru lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar eru eyjar og fjörur verndaðar og bendir Umhverfisstofnun á að gæta þarf sérstaklega að fjörum við þróun skipulags ofangreindra frístundabyggða og tekur undir áform um að friða þau svæði innan sveitarfélagsins sem falla undir ofangreind lög.

Athafnasvæði/iðnaðarsvæði

Fram kemur í greinargerð að virkjun er risin í landi Gríshóls. Fyrirhuguð er Svelgsárvirkjun sem var tilkynningaskyld, en Skipulagsstofnun úrskurðaði að þyrfti ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum þann 11. janúar 2008. Fyrirhugaðar eru virkjanir í landi Örlygsstaða og Kársstaða, og fram kemur í greinargerð að stærðir þeirra eru ekki þekktar. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum eru iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni, vatnsorkuver með uppsett rafafli [200 kW]¹⁾ eða meira og varmavinnsla úr jarðhitasvæðum

sem nemur 2.500 kW hráafli eða meira, framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar.

Efnistökusvæði

Í umhverfisskýrslu er fjallað um áhrif efnistöku á umhverfið og ljóst er að áhrif efnistöku eru neikvæð. Umhverfisstofnun tekur undir það álit sveitarfélagsins, að vegna sérstæðrar náttúru Helgafellssveitar er mjög mikilvægt að vandlega sé staðið að efnistöku að öllu leyti. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að haft sé samráð við stofnunina við vinnslu og frágang á efnistökusvæðu.

Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir alls 25 efnistökusvæðum víðs vegar um sveitarfélagið. Til samanburðar má geta þess að Reykjavík sem er álíka stórt sveitarfélag að flatarmáli, nýtir 2 námur. Efnistökusvæði í Helgafellssveit eru merkt inn á uppdrátt er fylgir aðalskipulagstillögu og einnig er listi yfir ráðgerð efnistökusvæði í sveitarfélaginu í skipulagstillögunni. Að mati Umhverfisstofnunar skortir stefnumörkun um það hvernig sameina á verndun hrauna eins og Berserkjakrauna og efnistöku. Stofnunin álitur að framtíðarsýn á efnistöku þurfi að koma fram í aðalskipulagi, hver er áætluð efnisþörf sveitarfélagsins á gildistíma aðalskipulagsins og hvernig hægt er að afla nauðsynlegra jarðefna án þess að raska frekar jarðmyndunum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd svo sem eldvörpum, gervígígum og eldhraunum sem og hverfisvernduðum svæðum og svæðum á náttúruminjasrá. Að mati Umhverfisstofnunar þarf stýra betur efnistöku úr námu númer E4, ef halda á áfram efnistöku úr þeirri námu og loka námum númer E5, E6, E7 og jafnvel E8 sem eru áberandi lýti á Berserkjakrauni. Umhverfisstofnun bendir á að Vegagerðin hefur þegar lokað námum E27 og E28, ef hér er um að ræða námu sem Vegagerðin kallaði Kóngsbakka. Ef efnistaka hefst að nýju mun Vegagerðin ekki ganga frá eftir efnistöku annarra aðila. Þessar tvær námur (E27 og E28) eru á uppdrætti er fylgir aðalskipulagstillögunni en ekki í töflu í greinargerð bls. 60. Umhverfisstofnun vekur athygli á að á vegum einnar jarðar er gert ráð fyrir efnistöku á a.m.k. 6 stöðum og þar af eru 5 námur í Berserkjakrauni sem er svæði á náttúruminjasrá m.a. vegna þess hve apalhraunið á svæðinu er stórbrotið. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að draga verulega úr efnistöku í Berserkjakrauni eða stöðva hana alfarið sem og í öðru eldhrauni sé þess nokkur kostur.

Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir gerð efnistöku á annan hátt en gert er í töflu í aðalskipulagstillögunni, en þar er ekki gerður greinarmunur á gjallnámu og hraunnámu annars vegar og malarnámu hins vegar.

Í töflu á bls.60 kemur fram að notkun náma í Helgafellssveit teljist vera í flestum tilfellum ýmist til einkanota eða bæði til einkanota og til sölu. Í aðeins tveimur tilfellum er um að ræða eingöngu efnistöku í því skini að selja efni, þ.e. námur í landi Arnarstaða.

Umhverfisstofnun telur að þessi skilgreining á efnistöku sé ekki í samræmi við 2. og 3. mgr. 47. greinar laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Í ofangreindum málsgreinum stendur m.a.: *Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar.*

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. ofangreindra laga.

Til að efnistaka teljist undanþegin framkvæmdaleyfi þarf hún að uppfylla eftirfarandi

skilyrði: 1. Framkvæmdaaðili er eigandi eða umráðamaður og efnistakan fer fram á eignarlandi. 2. Efnistakan er minni háttar. 3. Efnið er til eigin nota. 4. Efnistakan fer ekki fram í jarðmyndunum sem njóta verndar eins og t.d. hrauni.


Umhverfisstofnun telur að efnistaka geti ekki talist til eigin nota ef ætlunin er að selja efni úr viðkomandi námu. Efnistakan er því háð framkvæmdaleyfi og undanþága frá því kemur ekki til álita. Þetta á við allar námur í aðalskipulagi Helgafellssveitar þar sem notkun er skilgreind sem *Einkanot / sala*.


Umhverfisstofnun telur að efnistaka úr þremur námum í landi Valla geti ekki fallið undir efnistöku til eigin nota þar sem efnistaka á bilinu 10.000 m³ - 30.000 m³ geti ekki talist minni háttar efnistaka.

Umhverfisstofnun telur að námur í gjallhólum eða hrauni geti ekki talist til einkanota þar sem um er að ræða efnistöku úr jarðmyndunum sem njóta verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A Jónsson
Deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun